

138. Þingflokksfundur, miðvikudaginn 16. nóvember 2015 kl. 13.

Fundinn sitja: Alla, Ásta, Birgitta og Halldóra.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Dagskrá dagsins

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag. Birgitta mun eiga orðastað við forsætisráðherra um skoðun hans á flóttamönnum undir liðnum óundirbúinn fyrirspurnartími.

2. Brif af þingflokksformannafundi

Birgitta brifaði af fundi þingflokksformanna fór yfir drög af dagskrá vikunnar.

3. Action Items

Farið var yfir action items.

4. Kvennalistinn

Í tilefni þess að þingflokkur Pírata er einvörðungu skipaður konum þessa vikuna hefur verið ákveðið að minnst 100 ára kosningarréttarafmæli með megináherslu á lýðræði. Þingflokkurinn ræddi hugmyndir að málum til að vekja athygli á í vikunni. Halldóra gerði grein fyrir stöðu máls síns um borgaralaun sem hún hyggt leggja fram sem þingsályktunartillögu, vonandi á morgun.

5. Höfundaréttur

Menntamálaráðherra mun mæla málum 333 og 334, um frumvörp til breytinga á höfundalögum. Ásta gerði grein fyrir vinnu sinni varðandi höfundarréttarmál. Mikilvægt er að skýra muninn milli réttthafaréttar og höfundaréttar á mannamáli.

6. Varamaður í allsherjarnefnd

Frestað þar til Helgi Hrafn er kominn.

7. Erfðalög

Dagskrálið frestað.

8. Tekjuupplýsingar lögaðila og einstaklinga

Dagskrálið frestað.

9. Málum sem hefur verið frestað áður:

Farið var yfir stöðu eftirfarandi mála.

- 1. Fólk í nefndum fyrir Pírata (BJ)** Ákveðið að stefna á jólagleði föstudaginn 18. desember kl. 17. Málið verður rætt betur síðar.
- 2. Fræðslumálþing um Kannabis (BJ)**
- 3. Skýrsla um matartolla (BJ)**
- 4. V. Múlakvísl 2011 (BJ)**
- 5. Umræða um fjármál ríkisins í Hörpu 18. nóv. (ÁH)**
- 6. Fjárhagsmálefni RÚV og staða fjölmiðla á Íslandi (BJ)**
- 7. Stefna í stóru málunum (grein í Morgunbl.) (BJ)**

10. Önnur mál

Ásta vakti máls á atgerfisflóttanum frá Íslandi og Birgitta ræddi um jólakort frá þingflokknum. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.30